

## Viljayfirlýsing um framtíðarstarfsemi Gamla spítalans Gudmanns Minde á Akureyri.

Eigandi og ábyrgðaraðili hússins er Fasteignir Akureyrarbæjar og umsjón með rekstri og starfsemi fyrir hönd bæjarins er í höndum Akureyrarstofu.

Stefnt er að því að í húsinu verði sýningar um sögu lækninga og hjúkrunar. Sýningarnar verði opnar almenningi yfir sumartímamann og aðra tíma samkvæmt samkomulagi. Stefnt er að því að samið verði við Minjasafnið á Akureyri um sýningagerð og jafnvel um rekstur hússins í heild sinni.

Komið verði á fót sýningarnefnd sem hefur það hlutverk að vinna að undirbúningi og framkvæmd sýninga. Í nefndinni munu sitja einn fulltrúi frá Læknafélagi Akureyrar, einn fulltrúi frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga Norðurlandsdeild, einn fulltrúi frá Minjasafninu og einn fulltrúi Akureyrarstofu. Nefndin vinni drög að kostnaðar- og verkáætlun og skili til stjórnar Akureyrarstofu eigi síðar en 1. maí 2010.

Aðkoma Læknafélags Akureyrar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga Norðurlands deildar að starfseminni verði í framtíðinni í formi Vinafélags sem mun styðja við starfsemina eftir föngum, aðstoða við uppsetningu sýninga, og standa fyrir viðburðum og dagskrá af ýmsu tagi sem tengist sýningum hússins, allt í góðri samvinnu við Minjasafnið.

Félögin gera leigusamning um afnot af ákveðnum hluta hússins undir félagsaðstöðu gegn leigu (hiti og rafmagn) sem stendur undir rekstarkostnaði félagsaðstöðunnar. Félögin leggja húsinu til sameiginlegan búnað í félagsaðstöðu s.s. húsbúnað, borðbúnað og annan þann búnað sem nauðsynlegur er til reksturs félagsaðstöðunnar.

Frekari ákvarðanir um framvindu verði teknar þegar fyrir liggur kostnaðar- og verkáætlun.

Akureyri 5. nóvember 2009.

---

Þórgnýr Dýrfjörð  
f.h. Akureyrarstofu

---

Valur Þór Marteinsson  
f.h. Læknafélags Akureyrar

---

Anna Lísa Baldursdóttir  
f.h. Félags íslenskra hjúkrunar-  
fræðinga Norðurlandsdeildar

---

Haraldur Egilsson  
f.h. Minjasafnsins á Akureyri